

AÐALSKIPULAG HÚNAVATNSHREPPAR 2010-2022

Breyting á aðalskipulagi við Gedduhöfða á Grímstunguheiði.

GREINARGERÐ

12.03.2021, br. 16.04.20201



HÚNAVATNSHREPPUR



LANDMÓTUN.

Efnisyfirlit

| | |
|---|---|
| 1. Inngangur | 2 |
| 2. Aðdragandi og markmið | 2 |
| 3. Staðhættir og skipulagsforsendur | 2 |
| 4. Ferðamenn | 3 |
| 5. Vistgerð og mikilvægt fuglasvæði..... | 3 |
| 6. Minjar | 4 |
| 7. Breyting á aðalskipulagi..... | 4 |
| 8. Samráð..... | 5 |
| 9. Umhverfisáhrif..... | 5 |

Myndaskrá

| | |
|---|---|
| Mynd 1. Gedduhöfði, horft til suðurs í átt að vegi..... | 3 |
| Mynd 2. Vistgerðarkort – Staðsetning AF1 (Kortgrunnur Vistgerðarkort NÍ). | 3 |
| Mynd 3. Aðalskipulag Húnavatnshreppar 2010-2022, Gedduhöfði á Grímstunguheiði. Myndirnar sýna tillögu að breytingu þar sem búið er að bæta við afþreyingar- og ferðamannasvæði (AF1). | 5 |

Greinargerð þessari fylgir uppdráttur dagsettur 12.3.2021, br. 16.04.2021.

1. Inngangur

Aðalskipulag Húnavatnshrepps var staðfest þann 25. maí 2012 og hér er lögð fram breyting á aðalskipulagi en samhliða er unnið nýtt deiliskipulag fyrir svæðið.

Viðfangsefni breytingarinnar er að skilgreina nýtt afþreyingar- og ferðamannasvæði fyrir gangnamannaskála við Gedduhöfða á Grímstunguheiði og vatnsvernd.

2. Aðdragandi og markmið

Í gildandi aðalskipulagi Húnavatnshrepps segir að á skálasvæðum sé gert ráð fyrir mögulegri byggingu húsa að undangengnu deiliskipulagi. Í Húnavatnshreppi eru í dag aðeins tvö skálasvæði skilgreint í gildandi aðalskipulagi: Galtarárskáli og Ströngukvíslarskáli á Eyvindarstaðaheiði. Nýi skálinn er að koma í stað tveggja eldri skála sem hafa verið í notkun en eru mjög illa farnir, Öldumóðuskála og Álkuskála, stefnt á að þeir verði lagðir niður.

Við Galtará er Galtarárskáli, gangnamannaskáli í eigu Húnavatnshrepps og sveitarfélagsins Skagafjarðar með gistirými fyrir 36 manns og aðstöðu fyrir hross. Við Ströngukvísl er gangnamannaskáli í eigu Húnavatnshrepps og sveitarfélagsins Skagafjarðar með sambyggðu hesthúsi og gistirými fyrir um 34 manns. Mikið notaður vegna hestaferða.

Markmið aðalskipulagsbreytingarinnar er að bæta aðstöðu og nýtingu svæðisins. Nýr gagnamannaskáli mun þjóna gangnamönnum en gæti nýst breiðari hópi svo sem ferðamönnum. Skálinn tengist vel við núverandi vegakerfi og reiðleiðum, staðsetningin er góð sé tekið tillit til staðsetningu annarra skálasvæða.

3. Staðhættir og skipulagsforsendur

Í gildandi aðalskipulagi Húnavatnshrepps er svæðið skilgreint innan hverfisverndar vegna náttúruminja sem nefnist Grímstungu- og Haukagilsheiði og er það skilgreind sem hverfisverndarsvæði. Eftirfarandi hverfisverndarákvæði eru sett um landnotkun, umgengni og mannvirkjagerð á þessum svæðum:

- Hefðbundnar nytjar, svo sem beit og veiðar haldast eins og verið hefur.
- Mannvirkjagerð skal haldið í lágmarki og þess jafnan gætt að hún leiði til eins lítillar röskunar og kostur er.
- Þurfi að reisa mannvirki s.s. fjallasel, fjarskiptastöðvar eða aðrar sambærilegar byggingar á svæðinu, skal það gert skv. ákvæðum skipulags- og byggingarlaga um breytingar á aðalskipulagi.

Grímstungu- og Haukagilsheiði (H19) er upptakasvæði Vatnsdalsár og allmörg veiðivötn á heiðinni hafa verið nýtt um langan aldur. Einnig hefur fuglaveiði verið stunduð á heiðunum og hin seinni ár m.a. í tengslum við ferðaþjónustu á svæðinu. Þar eru tveir leitarmannaskálar sem í vaxandi mæli eru nýttir til gistingar fyrir ferðamenn.

Svæðið er innan miðhálandis eins og það er afmarkað í Landsskipulagsstefnu en þetta svæði myndi flokkast sem fjallasel. Í Landsskipulagsstefnu segir um fjallasel séu í takmörkuðu vegasambandi og taki mið af hæfilegum dagleiðum göngufólks. eru að jafnaði stakir fjallaskálar en eftir atvikum getur einnig verið hesthús eða önnur smærri fylgihús. Sem samræmist vel þessum nýja skála á Grímstunguheiði.

4. Ferðamenn

Í dag er ekki mikil umferð ferðamanna um Grímstunguheiði og er þessi nýja skálabygging fyrst og fremst hugsuð til þess að koma í stað tveggja gamalla skála sem þurfa mikið viðhald, þ.e. Öldumóðuskála og Álkuskála. Áætlað er að heildarfjöldi þeirra sem gista í skálanum yfir árið verði undir 500 mans. Gert er ráð fyrir að hámarki gistingu fyrir 60 manns innan skálans á Gedduhöfða og hesthús fyrir um 70 hross.

5. Vistgerð og mikilvægt fuglasvæði

Landið sem reitur fyrir afþreyingar- og ferðamannasvæði nær til er að mestum hluta uppgróinn melur, sjá mynd 1.




Mynd 1. Gedduhöfði, horft til suðurs í átt að vegi.

Á vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands segir að gróðurlendi svæðisins einkennist af moslendi og liggur við votlendi, sjá mynd 2. Á stærstum hluta svæðisins er hraungambravist sem er með lágt verndargildi en inna svæðisins finnast líka skv. vistgerðarkortinu fjalldrapamóavist og víðimóavist sem eru með miðlungsverndargild. Grasmóavist, lyngmóavist á hálendi og hengistararflóavist sem eru með hátt verndargildi og víðikjarrvist, staurungsmýrarvist og brokflóavist sem eru með mjög hátt verndargildi.

Mikilvægt fuglasvæði.

- Víðidalstunguheiði-Blanda - Vel gróið heiðaflæmi í Húnavatnssýslum sem liggur upp af Víðidal og austur fyrir Blöndulón, 400–600 m y.s. Liggur upp frá Víðidal og suður að Stórasandi og Arnarvatni. Votlendi er víða; mýrar, flóar, tjarnir og vötn. Þetta



Mynd 2. Vistgerðarkort – Staðsetning AF1 (Kortgrunnur Vistgerðarkort NÍ).

svæði er alþjóðlega mikilvægt fyrir álf, bæði á varptíma og á fjaðrafellitíma og himbrima.

Svæðið er að hluta á náttúruminjaskrá.

Reiturinn er að langstærstum hluta á mólendi en er í jaðri votlendis og jaðri fuglaverndarsvæðis skv. vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands. Ekki er ætlunin að raska votlendi neitt heldur byggja skálann í moslendinu þar sem verndargildi gróðurs er lágt, enda er mun kostnaðarsamara að byggja skála í bleytu. Leitast verður við að hafa sem minnst rask á svæðinu.

6. Minjar


Fornleifaskráning hefur ekki verið gerð fyrir svæðið og þarf minjavörður því að kanna svæðið á vettvangi áður en gengið er frá deiliskipulagi eða framkvæmdaleyfi gefið út, svo hægt sé að meta áhrif framkvæmda á hugsanlegar minjar. Bent er á 2. mgr. 24. gr laga um menningarminjar nr. 80/2018 segir; Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar.

7. Breyting á aðalskipulagi

Breyting á aðalskipulagi fjallar um nýtt afþreyingar- og ferðamannasvæði (AF1) og nýtt vatnsverndarsvæði.

Bætt er við nýjum kafla við aðalskipulagið sem fjallar um Afþreyingar- og ferðamannasvæði og gerð er breyting á kafla um Vatnsvernd. Gildandi skipulag var unnið samkvæmt eldri skipulagslögum og voru því skálasvæði flokkuð sem verslun- og þjónusta. Fjallasel og skálar á hálendinu falla undir skilgreiningu afþreyingar- og ferðamannasvæða sbr. gr. 6.2. i – liðar í skipulagsreglugerð. Markmið og leiðir um verslunar- og þjónustusvæði sbr. kafla 3.1.3. í gildandi aðalskipulagi eiga því við um afþreyingar- og ferðamannasvæði.

| Nr. | Heiti | Lýsing |
|-----|------------|--|
| AF1 | Gedduhöfði | Svæðið er á Gedduhöfða á Grímstunguheiði en innan þess er gert ráð fyrir fjallaseli þ.e. gangnamannaskála, hestúsi og rafstöð. Form, útlit og litasamsetning mannvirkja skal vera í samræmi við aðliggjandi landslag og önnur mannvirki á svæðinu. Stærð afþreyingar- og ferðamannasvæðis er 4,9 ha, heildarbyggingarmagn á svæðinu allt að 1000 m ² fyrir, gistirými fyrir allt að 60 manns. |



Mynd 3. Aðalskipulag Húnavatnshreppar 2010-2022, Gedduhöfði á Grímstunguheiði. Myndirnar sýna tillögu að breytingu þar sem búið er að bæta við afþreyingar- og ferðamannasvæði (AF1).

Bætt er við nýju vatnsverndarsvæði í samræmi við kafla 3.3.3. Verndarsvæði vegna neysluvatns, í gildandi Aðalskipulag Húnavatnshrepps 2010-2022 þar sem bætt er við brunn-, grunn- og fjarsvæði á Grímstunguheiði inn á sveitarfélagsupprátt.

8. Samráð

Samhliða aðalskipulagsbreytingunni þá verður lagt fram deiliskipulag sem verður auglýst skv. 41. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010

Hugmyndir og tillögur verða kynntar yfirvöldum og hagsmunaaðilum með auglýsingu og kynningu í samræmi við ákvæði skipulagslaga. Deiliskipulagslýsing var send til eftirfarandi aðila til umsagnar.

- Skipulagsstofnun.
- Heilbrigðiseftirlit Norðurlands Vestra.
- Veðurstofa Íslands.
- Minjastofnun.
- Vegagerðin.
- Umhverfisstofnun.
- Sjálfseignarstofnunin Grímstungu- og Haukagilsheiði.
- Fjallskiladeild Grímstungu- og Haukagilsheiðar.
- Veiðifélag Grímstungu- og Haukadalsheiði.

9. Umhverfisáhrif

Umhverfisáhrif tillögunnar eru talin óveruleg þar sem að um litla framkvæmd er að ræða. Breytingin tekur til svæðis sem er óbyggt en liggur við veg að Álkuskála. Ekki er gert ráð fyrir auknum fjölda ferðamanna á svæðinu þar sem nýr skáli kemur í staðinn fyrir tvo eldri gangnamannaskála. Með þessu er verið að leggja af tvo eldri skála sem báðir þarfnast lagfæringar, í stað þess að kosta til uppbygginga á tveimur nýjum skálum og því raski sem því fylgir var valinn sá kostur að byggja í staðinn einn skála miðja veginni milli þeirra sem gangnamenn sem áður gisti í hinum tveimur geta gisti í. Nýttir eru innviðir sem fyrir eru svo sem vegur sem liggur í dag að Álkuskála. Vegurinn að Álkuskála er þó mjög torfærinn og ef byggja ætti upp Álkuskála þá þyrfti að fara í miklar endurbætur á honum því í dag er hann aðeins fær fyrir stóra jeppa. Of kostnaðarsamt er fyrir sveitarfélagið að gera upp báða skálana. Ekki er heldur fýsilegur kostur að byggja upp annan hvorn skálann þar sem þetta eru gangnamannaskálar sem eru

nýttir í smölun en óhentugt er að byggja upp annan hvorn þeirra því vegalengdin á milli þeirra eru tæpir 20 km. Öldumóðuskáli er innan mikilvægs fuglasvæðis og liggur við vistgerðir með mjög hátt verndargildi svo sem starungsmýravist en Álkusáli er staðsettur við Álkuskálaá og er innan þjóðlendu.

Framkvæmdin við skála við Gedduhöfða nær ekki til votlendissvæða enda verður leitast við að byggja skálann á melnum enda væri það dýr framkvæmd að byggja skála í votlendinu. Mikilvægt að frágangur á skipulagssvæðinu verði til fyrirmyndar og þess gætt að raska svæðinu sem minnst og því sem verði raskað sé mótað í samræmi við landslag. Æskilegt er að form, útlit og litasamsetning mannvirkja verði í samræmi við aðliggjandi landslag. Sveitarfélagið telur það besta kostinn að byggja upp nýjan skála við Gedduhöfða en mikilvægt er að við uppbyggingu nýs fjallasels við Gedduhöfða að raski verði haldið í lágmarki og forðast rask á votlendi.